



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Furuskógur

2021 – 2022



Gleði, vinátta og virðing

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat deilda	11
4 Innra mat sérkennslu.....	40
5 Innra mat – fjöltyngd börn	43
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	44
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	45
8 Foreldrasamvinna	45
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	45
10 Fylgigögn.....	46
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	45





Leiðarljós leikskólans

Við höfum kærleika og faglega umhyggju að leiðarljósi í uppeldi, umönnun og menntun barna, sem stuðlar að því að börnin þrói með sér jákvæða sjálfsmynd. Sérstaða og sjónarmið hvers einstaklings eru virt og stuðla að því að börnin verði fær um að lifa og starfa á farsælan hátt í samfélagi við aðra menn og umhverfi sitt.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þrátt fyrir óvenjulegt skólaár hefur gengið mjög vel. Lögð var áhersla á aðra þætti en við vorum búin að ákveða en skilaði okkur góðri útkomu. Starfsfólk og börn í Furuskógi fengu þjálfun í þrautseigju, úthaldi, útsjónarsemi og samvinnu. Við vorum mjög heppin og gátum haft skólann okkar opinn. Ég vil nota tækifærið og þakka samstilltu, frábæru starfsfólki í Furuskógi, börnum og foreldrum, góðum stuðningi og leiðbeiningum frá starfsfólki SFS.

Verkefni vetrarins voru að halda áfram innleiðingu menntastefnu. Við höfðum sótt um í þróunarsjóð menntastefnunnar til þess að vinna að verkefnum tengdum félagsfærni, sjálfsefningu og heilbrigði. Við fengum Vöndu Sigurgeirsdóttur til okkar á fyrsta skipulagsdag skólaársins. Fyrirlestur hennar var upprifjun á félagsfærni og verkefnum tengdum sjálfsefningu.

Haustið fór vel af stað og við réðum starfsfólk í lausar stöður. Við vorum mjög heppin og fengum góða viðbót í starfsmannahópinn. Við ákváðum að ráða leikskólakennara til að sinna börnum sem eru með annað móðurmál en íslensku. Ég er mjög ánægð með þessa ákvörðun okkar enda er full ástæða til að hafa starfsmann í þessu verkefni, til þess að halda utan um upplýsingarnar og koma að markvissri málörvun barnanna og nýta sér þann menningarfjársjóð sem þau og fjölskyldur þeirra koma með sér inn í leikskólann.

Á skipulagsdeginum í nóvember fengum við fræðslu frá Hugarfrelsi sem þáttur í innleiðingu á Heilbrigði og vellíðan. Við vorum mjög ánægð með námskeiðið og það námsefni sem því fylgdi. Hitti efnið í mark miðað við þær aðstæður sem við vorum í. Við fáum framhaldsnámskeið frá Hugarfrelsi á skipulagsdegi 30. ágúst.

Á síðasta skólaári völdum við okkur gildi sem leiðarljós í samskiptum okkar. Var komið að því að innleiða gildin og halda áfram að vinna með þau. Á skipulagsdegi í mars fórum við í ræða



sameiginlegan skilning okkar á gildunum og hvernig þau birtast í leikskólanum. Þessi vinna er mjög skemmtileg og nauðsynlegt skref í innleiðingu á gildunum.

Um áramótin var tekin upp vinnustytting. Við kusum um þriggja tíma styttingu eftir að hafa fengið fræðslu og kynningu á verkefninu. Það er mín skoðun að þetta verkefni hafi gengið vel í heildina þó að þar hafi verið ýmsar áskoranir á leiðinni. Auðvitað eru allir ánægðir að fá þennan tíma og persónulega frelsi sem styttingin gefur, en hún má ekki koma niður á starfinu og vera íþyngjandi fyrir þá sem eftir eru.

Lærdómssamfélag Furuskógar

Stjórnendateymið hefur hist nokkrum sinnum til faglegrar ígrundunnar en nú var ákveðið að stækka hópinn og bjóða öllu starfsfólki að taka þátt.

Þetta reyndist vel og munum við halda því áfram á næsta skólaári að þróa lærdómssamfélagið okkar.

Útinám barnanna í Furuskógi hefur verið í miklum blóma í vetur enda góð leið til þess að efla félagsfærni, sjálfseflingu og heilbrigði. Þrír hópar hafa farið mánaðarlega í Gufunes og verið í samstarfi við útinámskólann. Miðdeildin í Efstalandi er að búin að fá svæði innan girðingar hjá Skógræktinni í Fossvogi. Þar er góð aðstaða til útináms og hugmyndin er að fá alla deildir til að nýta sér svæðið í framtíðinni. Útileiksvæðið í Álandinu er loksins tilbúið. Allir mjög ánægðir en auðvitað reyndi það mikið á að hafa ekki leiksvæði í haust og fram eftir vetri.

Ég er mjög sátt við hvernig gengur hjá okkur og í fyrsta skipti frá upphafi Furuskógar er útlit fyrir að við verðum fullmönnuð í haust. Þessi þægilega staða er auðvitað okkar frábæra starfsfólki að þakka og er hún skólanum mjög dýrmæt.

Reykjavík 23.06. 2021

Ingibjörg Brynjarsdóttir leikskólastjóri



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Gátlistar	Starfsmenn	Þessir þættir samræmast lýsingu á gæðastarfi. Gildi þurfa þó að vera sýnileg og kynna þarf stefnu leikskólans betur.
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Gátlistar Deildarstjórafundir	Starfsmenn	Þessir þættir samræmast lýsingu á gæðastarfi. Tækifæri til úrbóta er verklag við móttöku nýrra starfsmanna.
Faglegt samstarf	Gátlistar og á skipulagsdögum	Starfsmenn	Þessir þættir samræmast lýsingu á gæðastarfi. Samstarf við grunnskóla mætti vera markvissara.
Leikskóla og starfsþróun	Gátlistar, skipulags dagar og deildarstjórafundir	Starfsmenn	Þessir þættir samræmast lýsingu á gæðastarfi. Vantar skráningu á símenntunaráætlunum



Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Gátlistar, skipu- lagsdagar, deildar- stjórafundir	Starfsmenn	Hér eru flestir þættir sem þarfnast úrbóta t.d. komið að endurskoðun skólanámskrár, læsisstefnu starfsmannahandbókar, framkvæmdaáætlun varðandi jafnrétti og uppfæra þarf verklag varðandi öryggismál.
Skipulag náms og námsaðstæður	Gátlistar, skipu- lagsdagar, deildar- og deildarstjórafundir	Starfsmenn	Flestir þættir eru í samræmi við gæðastarf. En huga þarf að betri hljóðvist.
Uppeldi, menntun og starfshættir	Gátlistar, skipu- lagsdagar, deildar- og deildarstjórafundir	Starfsmenn	Flestir þættir eru í samræmi við gæðastarf. Þættir til úrbóta er þátttaka starfsfólks í leik barna og virk hlustun
Mat á námi og velferð barna	Gátlistar, skipu- lagsdagar, deildar- og deildarstjórafundir	Starfsmenn, foreldrar, börnin	Allir þættir eru í samræmi við gæðastarf.
Félagsfærni	Gátlistar menntastefnunnar	Starfsmenn og börn	Styrkleikar eru augin vinnufærni og leikni í samskiptum. Tækifæri til umbóta er að auka þátttöku starfsfólks í leik barnanna.
Sjálfsefning	Gátlistar menntastefnunnar	Starfsmenn	Styrkleikar eru að ýtt hefur verið undir trú barna á eigin getu. Tækifæri til umbóta er



			að gefa börnum fleiri tækifæri til að hafa áhrif á starfið. Hlusta betur á börnin. Vinna með barnasáttmálann.
Heilbrigði	Gátlistar mennta- stefnunnar.	Starfsmenn og börn	Styrkleikar núvitundar - og slökunaræfingar skiluðu sér í aukni vellíðan barnanna. Tækifæri til umbóta felst í að vinna á markvissari hátt með núvitund og slökun.

Ytra mat

Það var gerð viðhorfskönnun á meðal starfsmanna í mars. Niðurstöður hennar voru á heildina litið mjög góðar. Þættir eins og starfsánægja, móttaka nýliða, vinnuaðstaða hafa batnað lítilega frá síðustu könnun og skora hátt sem er mjög ánægjulegt að sjá. En það sem krefst úrbóta er að einhverjir starfsmenn telja sig verða fyrir áreitni, fordómum og einelti af hálfu samstarfsfólks, eða hafa orðið vitni að slíku. Við lítum þetta mjög alvarlegum augum og munum vinna að því að uppræta þessa hegðun og skapa starfsumhverfi þar sem öllum líður vel. Verður það verkefni næsta skólaárs og tengist vinnu og innleiðingu á nýjum gildum: Gleði, vinsemd og virðingu.

Könnun var gerð á meðal foreldra barnanna. Þar kemur fram heildaránægja með leikskólann, ábendingum vel tekið, vingjarnlegt andrúmsloft, aðbúnaður góður og foreldrar upplifa banið sitt öruggt. Þeir þættir sem krefjast úrbóta er að finna leiðir til að auka aðkomu foreldra að skipulagningu skólastarfsins og upplýsa betur hvað leikskólinn stendur fyrir og hverjar eru helstu áherslur hans.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
-----------------	-------------------------	---	---



Starfsumhverfið Starfsánægja Starfsandi	Viðhorfskönnun mars 2021	Starfsmenn	Mjög góð útkoma, örlítil bæting frá fyrri könnun. Veikleikar eru grunur um áreitni, einelti og fordóma.
Öryggi barna	Viðhorfskönnun mars 2021	Foreldrar	Kom vel út
Vellíðan barnsins	Viðhorfskönnun	Foreldrar	Kom vel út
Upplýstir foreldrar	Viðhorfskönnun	Foreldrar	Krefst úrbóta



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun						
Verlag við móttöku nýrra starfsmanna	Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn	Tökum saman upplýsingar fyrir nýja starfsmenn. Nýtt verklag / gátlisti.	Leik-/aðstoðarleikskólastjóri	Sept '21 / Maí '22	Starfsmanna-könnun.	Móttaka nýrra starfsmanna með formlegum hætti.
Stefna skólans sýnilegri	Að kynna stefnu skólans og áherslupætti fyrir foreldum	Kynning á foreldrafundi að hausti og athygli vakna á upplýsingum á heimasíðu.	Leik-/aðstoðarleikskólastjóri		Viðhorfskönnun foreldra.	Foreldrar þekkja stefnu og áherslupætti skólans.
Öryggismál, eineltis og áreiti	Uppfæra verklag v/ öryggis, eineltis og áreiti.	Uppfæra verklag vegna öryggis-, eineltis- og áreitismála og kynna vel fyrir viðeigandi aðilum.	Leik-/aðstoðarleikskólastjóri		Gátlistar næsta vetur.	Starfsfólk þekkir verklag vegna öryggis-, eineltis- og áreitismála.
Starfsmanna-handbók	Uppfæra starfsmannahandbók	Uppfæra starfsmannahandbók, afhenda og kynna starfsfólki.	Leik-/aðstoðarleikskólastjóri		Starfsmanna-könnun.	Allir starfsmenn hafa aðgengi að starfsmannahandbók.
Auka þátttöku foreldra	Auka þátttöku foreldra í skipulagningu og skólastarfsins	Skapa vettvang fyrir foreldra til að koma á framfæri hugmyndum sínum.	Leik-/aðstoðar og deildarstjórar Foreldrar		Viðhorfskönnun foreldra.	Foreldrar eru virkir þátttakendur í skipulagningu starfsins og þekkja leiðirnar til þess.



Uppeldis- og menntastarf						
Páttataka starfsfólk í leik barnanna	Að auka þátttöku starfsfólks í leik barnanna	Skoða aðstæður í leiknum	Leik-/aðstoðarleik-skólastjóri Deildarstjórar	Sept '21 / Maí '22	Endurmat á deildum	Starfsfólk til staðar í leik barnanna
Mannauður Leikskólabragur						
Innleiðing Gilda	Skapa jákvæðan skólabrag	Innleiða gildin gleði-vinsemd og virðing	Leik-/aðstoðarleik-skólastjóri Deildarstjórar Allir starfsmenn	Sept '21 / Maí '22	Viðhorfskönnun starfsmanna Börnin	Jákvæður starfsandi ríkjandi
Innra mat						
Skráningar	Auka skráningar	Fræðsla	Leik-/aðstoðarleik-skólastjóri Deildarstjórar	Sept '21 / Maí '22	Endurmat í vor	Skráningar eru gerðar á leik og starfi barna, og þar með þroska þeirra og framförum.
Starfáætlun	Markvissari áætlun Lifandi vinnuplagg	Fræðsla um vinnubrögð og tilgang, auk eftirfylgni	Leik-/aðstoðarleik-skólastjórar Deildarstjórar	Nóv '21 / Maí '22	Endurmat í vor	Markmið starfs-áætlunar eru skýr og hún lifandi vinnuplagg



2 Innra mat deilda

Innra mat Álfasteinn

Félagsfærni:

Á Álfasteini viljum við koma fram við aðra eins og komið er fram við okkur, þ.e.a.s. sýna tillitssemi, virðingu og góðvild. Læra að bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum og öðlast félagsfærni í gegnum frjálsan og skipulagðan leik/stundir. Mikil áhersla er lögð á vinafærni og kenna börnum hvað felst í því að vera vinur.

Styrkleikar: Starfsfólk séu fyrirmyndir og miðli til barnanna. Börnin öðluðust hæfni í vinafærni og gátu oft sjálf unnið að því að leysa úr ágreiningsmálum.

- **Tækifæri til umbóta:** Starfsfólk líti í eigin barm og beri virðingu fyrir flóru barnanna.

Umbót a-þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlu- n	Ábyrgðara- ðili	Endurm- at; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Reglur leikskólans eru skýrar og öll börn taka þátt í að móta þær.	Í byrjun haust annar að börnin fái að taka þátt í að móta reglur á deildinni m.t.t til aldur og þroska.	Fræðsla í samverustundum um reglur og svo börnin spurð hvaða reglur þau vilji.	Sept – maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Deildarfundir nýttir til að ræða hvernig gengur.	Bera saman hvernig skólaönnin var þegar börnin tóku þátt í að gera reglur.



Á haustönn 2020 tókst þetta ekki. En við ætlum að spyrja börnin á vorönn 2021 nú þegar þau eru orðin eldri.

Vorönn 2021: Í samverustund var talað um hvað reglur væru, hvaða reglur væru inná deild og börnin spurð seinna eitt í einu hvaða reglu þau vildu búa til inn á deild. Það gekk vel að spyrja en svör tengdust endilega ekki efninu sem spurt var um. Næst í samverustund var lesið fyrir börnin reglurnar sem þau sögðu og rætt um þær. Í sameiningu tókum við tvær reglur og gerðum þær myndrænar og sýnilegar fyrir börnin inná deild. Reglurnar: Ekki meiða og Hoppa ekki í sófanum.

Innra mat Birkilundur


Í vetur voru 16 börn fædd árið 2017, 2018, 2019 og 2020 á Birkilundi.

Frjáls leikur:

Í dagskipulagi á Birkilundi er frjáls leikur fastur liður eftir útiveru, eftir hvíld og í útiveru. Starfsfólk var meðvitað um hlutverk sitt á deildinni samkvæmt dagskipulagi og þar meðal annars að verða til staðar í leiknum fyrir börnin í frjálsum leik, fylgjast með leiknum og taka þátt í leiknum á forsendum barnanna. Það gekk vel fyrir áramót en eftir innleiðingu vinnustyttingar þurftum við að dreifa verkefnum á færri starfsmenn og því urðu færri tækifæri fyrir starfsmenn til að vera ótruflaðir til staðar í leiknum fyrir börnin. Þó tækifærum hafi fækkað eftir áramót tókst það vel að innleiða þessi vinnubrögð. Allir starfsmenn eru duglegir að taka ljósmyndir en í ljós kom að hinar skráningaaðferðirnar henta okkur ekki eins og er. Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 kom í ljós að flestum finnst gaman að leika við önnur börn og einnig að hafa kennara með í leik. Þar sem þessar aðgerðir þóttu bæði hafa ávinning fyrir börn og starfsfólk var ákveðið að viðhalda þessu fyrirkomulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.

Eftirtektarvert er að sjá hvernig áhugi barna fædd 2018 til 2017 á sögu um *Rauðhettu* hefur fléttast inn í önnur svið deildarstarfs eins og í myndlist, í hvíld, í samverustundum og frjálsum leik. Börnin fengu að njóta þess að fá stuðning frá starfsmönnum í leik á þeirra forsendum og hjálp í úrræði við leikfélaga (að skiptast á, nota orðin í staðinn fyrir að rífa af o.s.frv.).





Útinám utan leikskólalóðar:

Búið er að festa útinámið í stundatöflu og höfum við farið eftir áætlun nema þegar veðrið leyfði okkur ekki að fara. Oftast fór allur hópurinn í einu í útinám en stundum fóru hóparnir til skiptist jafnvel samdægurs í útinám. Eldri börnin fædd 2017 til 2018 fóru í skipulagðar ferðir á bókasafnið eins og heimsfaraldurinn leyfði. Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 kom í ljós að öllum finnst gaman í útinám. Það sem þeim fannst skemmtilegast að gera í útinámi var að fara í strætó, fara á bókasafnið og að fara í göngutúr, að leika úti og heimsækja aðra leikvelli. Krakkarnir hafa kynnt sér nærumhverfið leikskólans og æfðu sig að fara eftir þeim reglum sem gilda í útinám. Þar sem þessar aðgerðir heppnuðust ágætlega var ákveðið að viðhalda þessu skipulagi og telst þessum umbótaþætti lokið í bili.



Félagsfærni:

Við leggjum mikla áherslu á jákvæð samskipti og að kenna börnum vinafærni. Þau æfa sig meðal annars að virða einkarými hvers og eins þar sem aðalreglan hjá okkur er „við höfum hendur og fætur hjá okkur“ og að nota orð í staðinn fyrir grátur, taka af eða lemja og fengu þau mikið hrós fyrir rétta hegðun. Auk þess syngjum við og lesum reglulega lög og bækur tengd vinafærni. Búið er að skipuleggja dagana þannig að starfsmaður getur verið til staðar í leiknum hjá börnunum og styður hann börnin í að móta hæfni í jákvæð samskipti. Eftir innleiðingu vinnustyttingar þurftum við að dreifa verkefnum á færri starfsmenn og því urðu færri tækifæri fyrir starfsmenn til að vera ótruflaðir til staðar í leiknum fyrir börnin. Þó tækifærum hafi fækkað eftir áramót tókst það vel að innleiða þessi vinnubrögð. Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 hvað góður vinur væri þá var algengasta svarið barna að góðir vinir leiki saman og teldu þau svo upp hvað þeim finnst gaman að leika saman við þá.

- **Styrkleikar:** Við sáum mun á börnunum þegar starfsmaður er með í leiknum og sýndu þau miklar framfarir í jákvæðum samskiptum.

Starfsmönnum á Birkilundi fannst að við gætum styrkt börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum. Börnin á Birkilundi eru oftast í samhlíðaleik það er að segja að þau leika sér með sama dóti og hin börnin í kring en ekki endilega við þau. Þau eiga stundum erfitt með að deila dóti þegar annað barn kemur með inn í leik. Í þetta sinn vildum við einblína okkur á að hjálpa börnunum að leika í kringum aðra og að deila dótinu sem þau eru sjálf upptekin af.

- **Tækifæri til umbóta:** Að styrkja börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum. Hjálpum börnum að taka því að önnur börn sýni því áhuga sem þau eru sjálf upptekin af.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna  Félagsfærni	Starfsfólk er til staðar í leiknum hjá börnunum til að styrkja börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum, að taka því að önnur börn sýni því áhuga sem þau eru sjálf upptekin af og þannig í þroskaferlinu.	Starfsfólk er meðvitað um að leiðbeina börnin á jákvæðan hátt í þessu ferli.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Þegar börnin sýna sjálf frumkvæði að jákvæðum lausnum í samskiptum.

Heilbrigði: Hugarfrelsi, festa í dagskipulag

Við á Birkilundi leggjum mikla áherslu á vellíðan barna bæði andlega og félagslega. Við förum daglega einu sinni til tvisvar út í garð þar sem börnin geta hreyft sig, klífrað, hlaupið, hjólað o.s.frv. Einnig förum við reglulega í útinám til að auka þol og úthald þeirra. Núna í haust byrjuðum við að innleiða aðferðir Hugarfrelsisins um núvitund og slökun. Þessir aðferðir geta hjálpað börnunum að róa sig og stuðlað að betri einbeitingu. Þrátt fyrir að við byrjuðum að nota öndunar- og slökunaraðferðir höfum við

ekki nóg markvisst unnið með þá. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að skipuleggja þurfi betur hugarfrelsstíma og festa þá í dagskipulaginu.

- **Tækifæri til umbóta:** Börnin fara reglulega í skipulagða hugarfrelsstíma.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiðing á Hugarfrelsi  Heilbrigði	Markvist innleiðing á Hugarfrelsi	Skipuleggja dagskipulagið þannig að æfingar og sögur úr bókinni Hugarfrelsi sins verða komin inn í daglegt starf.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í september t. 2021	Í maí 2022	Deildarfundi r til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Þegar aðferðir Hugarfrelsis eru komnar inn í daglegt starf og börnin eru byrjuð að nota þær.

Sjálfsfelling:

Á Birkilundi leggjum við mikla áherslu á að skapa námsumhverfi sem mætir börnunum á forsendum þeirra þar sem þau geta efnt sjálfsöryggi og sjálfstæði, við hrósum og hvetjum þau í mismunandi aðstæðum, eins og að æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötum, leysa verkefni og viðfangsefni á eigin spýtum (púsla, perla, byggja o.s. frv.) svo eitthvað sé nefnt. Þannig „öðlist [börnin] trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika“⁽¹⁾ og örva á sama tíma sjálfsmynd sem er meðal annars grundvöllur til að geta tekið „sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt

við aðra“⁽²⁾. Þrátt fyrir að við spyrjum börnin oft hvað þau vilja leika með þá höfum við ekki unnið nógu markvisst af því að ýta undir rödd barna í vetur. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að við viljum vinna markvissari að því að hlusta á rödd barna. Því ákváðum við að auka tækifæri barna um val leikefna. Á þennan hátt fá börnin tækifæri til að verða virkir þátttakendur í mótun leikskólasamfélags sínu.

- **Tækifæri til umbóta:** Umsjónamenn dagsins fara fyrst inn eftir útiveru fyrir hádegi og fá að velja leikefni dagsins með hjálp ljósmynda af dótinu sem er í boði.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Val um leikefni  Sjálfspeiling	Að hlustað er enn frekar á rödd barna.	Umsjónamenn dagsins fara fyrst inn eftir útiveru fyrir hádegi og fá að velja leikefni.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning um leikefnaval.	Börnin eru farin að óska sjálf eftir að velja leikefni fyrir utan þessa stundina.

Innra mat Dvergasteins

Í vetur voru 15 börn á Dvergasteini, flest fædd árið 2018 nema 2 sem fæddust árið 2017. Þar sem þetta er yngsta deildin í skólanum settum við okkur það markmið að fá börnin að læra að vera í leikskólanum, skilja og taka þátt í daglegu starfi og einnig að læra að vera í kringum hvert annað sem þýðir að nota falleg orð og læra að deila og skiptast á. Til að ná þessum markmiðum ætluðum við að einbeita okkur að frjálsum leik og sjálfseflingu, útinámi og félagsfærni. Að auki, við unnum með að æfa okkur í slökun og núvitund.

Þrátt fyrir aðstæður vegna heimsfaraldurs COVID-19 getum við sagt að við stöndum okkur vel. Fyrst og fremst náðum við því markmiði að börnin aðlöguðust vel í leikskólanum, sem þýðir að okkur tókst að byggja upp gott samband við börnin svo þau treysta okkur og þau finna fyrir öryggi. Okkur finnst samt að það séu alltaf smáatriði þar sem við gætum bætt okkur. Hér að neðan munum við greina nánar frá þessum þáttum sem við ætluðum okkur að vinna að í vetur og einnig hverjir voru styrkleikar okkar og hvar má finna tækifæri til umbóta.

Frjáls leikur

Á Dvergasteini lögðum við mikla áherslu á frjálsan leik vegna þess að í gegnum hann getum við séð persónuleika hvers barns og það gefur okkur tækifæri til að skapa kennslustundir sem eru í samhengi við leikinn. Rýmið í dagskipulaginu er aðlagð frjálsum leik þar sem börn fá að stjórna eigin leik og leikföngunum sem þau nota. Kennarar og starfsfólk eru alltaf til staðar til að styðja leikinn, koma með opnar spurningar til að örva málnotkun og taka jafnvel þátt ef börnin vilja það. Frjáls leikur gerir börnum kleift að auka sjálfstæði sitt, gefur þeim tækifæri til að æfa og öðlast félagsfærni með því að æfa jákvæð samskipti.

Í vetur var deildin endurskipulögð þannig að börn höfðu enn meira pláss til að leika sér og þau höfðu einnig meiri aðgang að leikföngum, sem gerði leiki þeirra fjölbreyttari. Við höfðum líka fjölbreyttari valkosti fyrir börnin að velja og flæða frjálslega frá einum leik til annars.

Styrkleikar:

- Frjáls leikur er stöðugur hluti af daglegri dagskrá, og þar höfum við lagt áherslu á að læra að nota orð til að deila og skiptast á, og einnig til að vinna saman til dæmis þegar við þurfum að taka saman.
- Kennarar og starfsfólk hafa verið virkir þátttakendur í leikjunum, sem fyrir sum börn hefur verið gagnlegt til að læra hvernig á að komast inn í leik og taka þátt.
- Að hafa mismunandi möguleika á leikföngum til að leika við gaf okkur tækifæri til að hafa minni hópa barna í frjálsum leik, þess vegna hefur það hjálpað kennurum og starfsfólki að vera meira til staðar og vera virkari í samskiptum við börnin.



Tækifæri til umbóta:

- Við gætum verið virkari í að búa til skráningasögur í frjálsum leik vegna þess að það er svo margt sem gerist í þessum stundum en líka svo margt sem er mikilvægt til að byggja upp betri mynd af þroska barnsins.
- Hafa skýrari skilgreiningu á hlutverki starfsfólks í frjálsum leik, hvað það þýðir að vera virkur í því sem er að gerast og punkta niður hvað gerðist eða taka myndir af leikjum barna.

Félagsfærni

Börnin á Dvergasteini sem eru yngst í leikskólanum. Það þýðir að þetta var fyrsti vetur flestra þeirra í leikskólanum og þess vegna þurftu þau að læra og venjast að taka þátt í daglegu starfi í skólanum.

Að vera í leikskóla felur í sér að vera í kringum stóran hóp barna, læra að leika sér með öðrum, deila og skiptast á og síðast en ekki síst að læra að nota orð. Allt þetta er hluti af því að byggja upp félagsfærni sem þau munu nota á næstu deildum og svo áfram utan leikskólans. Í vetur höfum við notað bækur til að kveikja umræðurnar um hvernig er að vera í leikskólanum, t.d. bækurnar með sögum af henni Bínu, Snúðru og Tuðru og Einari Áskeli.

Styrkleikar:

- Börn læra grunnatriðin í því að byggja upp sterka félagslega færni og starfsfólk er til staðar til að styðja þau í þroska þeirra.
- Kennarar og starfsfólk sýna jákvæð samskipti sín á milli og þetta er fyrirmynd fyrir börnin í því sem gott er að gera.

Tækifæri til umbóta:

- Skrá þróun félagslegrar færni barna með lærdómssögum.
- Fara reglulega yfir þróun samskipta á milli barna og samskipta á milli kennara og barna til að hafa meiri innsýn í að byggja upp góð samskipti inn á deild.

Heilbrigði

Síðastliðinn vetur var það sameiginlegt verkefni í skólanum að innleiða slökun og núvitund í daglegt starf leikskólans, og var ætlunin að vinna með ýmsar öndunaræfingar og slökunar teygjur svo börn læri að vera til staðar og ná einnig að hafa meira stjórn á sjálfum sér sem mun hafa jákvæð áhrif á alla þætti menntunar þeirra.

Við hefðum getað verið duglegri að framkvæma þetta, en við lendum í erfiðleikum með að átta okkur á því hvernig ætti að gera það að hluta af daglegum störfum okkar og hvernig það gæti fallið að daglegum áætlunum okkar.

Styrkleikar:

- Börn lærðu að slaka á og vera í núvitund sem hefur áhrif á getu þeirra til að einbeita sér.
- Notkun öndunaræfinga og teygjuæfinga hjálpar börnum að vera meðvitaðri um líkama sinn.

Tækifæri til umbóta:

- Að gera þetta að hluta af dagskránni okkar svo það sé alltaf ákveðinn tími dagsins þar sem við æfum okkur reglulegra.
- Skrá framfarir og ræða um þær á deildarfundum.

Útinám

Útinám í vetur var reglulega partur af dagskipulaginu hjá okkur miðað við síðustu ár. Við byrjuðum í haust í smáferðum með litlum barnahópum, jukum barnafjöldann smám saman og eins bættist við verkefni sem við gerðum úti. Meginmarkmið okkar í vetur var að börn lærðu að ganga saman og vera í hópnum, vera meðvituð um hvern þau höfðu fyrir framan og hverjum þau eru samferða. Útinám gerir börnum kleift að byggja upp sjálfsöryggi og einnig til þess að þau finni til öryggis þegar þau ganga í hóp, meðan þau eru úti læra börnin einnig að fylgjast með árstíðabreytingum og byrja að læra umferðarreglurnar. Við höfum notað Fossvoginn mikið fyrir útinám og einnig höfum við farið í hópleiðangra í hina starfsstöð leikskólans, þannig fá þau einnig að skoða og kynnast hverfinu.

Styrkleikar:

- Börnin fengu tækifæri til að kynnast umhverfi sínu á öruggan og þægilegan hátt.
- Börn lærðu að umgangast náttúruna af virðingu og einnig að skilja breytingar sem fylgja árstíðum með því að tengja það við það sem gott er að klæðast þegar farið er út.
- Að hafa fjóra starfsmenn í útinámi með börnunum gerir mögulegt að hafa betri skipulagðar námstundir, sérstaklega í upphafi þegar þau eru að byrja að fara út í fyrsta skipti.

Tækifæri til umbóta:

- Hafa það markmið að fara út að minnsta kosti tvisvar í mánuði ef veður leyfir.
- Skipuleggja lengri ferðirnar betur þannig að tíminn sem notaður útinám nýtist á markvissari hátt.
- Gera skráningar á ferðum okkar: taka myndir af hverju barni, skrá það sem gerðist í ferðunum á skýrari hátt.
- Samþætta útinám við aðrar stundir á dagskipulaginu, til dæmis að fara út og safna efni til að nota seinna í listasmiðja.

Umbótaáætlun Dvergasteins

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Frjáls leikur	Að starfsfólk hafi betri skilning á hlutverki sínu í frjálsum leik	Endurskoða dagskipulagið þannig að starfsfólk sjái um ákveðin rými	Sep - maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Deildarfundir nýttir til þess að ræða hvernig gengur, endurmeta og ígrunda ferlið	Að starfsfólk geti skilið hlutverk sitt og sé til staðar til að styðja leik barna
	Að starfsfólkið geri myndaskráningu og einnig skrá hvað gerist við frjálsan leik	Hafa skráningarefni (t.d. blað og penni eða myndavél) með sér þegar starfsfólk sér um frjáls leik	Sep - maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Deildarfundir nýttir til að endurmeta og ígrunda ferlið	Að það sé hægt að ná heildar- mynd um þroska barna í frjálsum leik með skráningum
Félagsfærni	Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum	Áhersla verður lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti	Sep - maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Endurmat verður gert reglulega á deildarfundum, einnig verður gögnum safnað í gegnum skráningar	Að jákvæð og uppbyggileg samskipti eigi sér stað í gegnum allt starf
Heilbrigði	Að börnin læri að vera í núinu og stjórna sjálfum sér	Hafa slökun og núvitund sem fastan part af dagskipulaginu	Sep - maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Deildarfundur verður nýtt til að endurmeta ferlið og það rökstutt með myndum	Að börnin séu spennt að fara í „núvitundstundir“ eins og aðra



						hluta dagskrárinnar
Útinám	Að börnin fái að fara í útinámsferð að minnsta kosti tvisvar í mánuði	Útinám verður fastur partur í dagskipulagi og verður einnig samþættur við aðra hluta af daglegu starfi	Okt - maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Endurmat verður reglulega gert á deildarfundum og gögnum verður einnig safnað í gegnum skráningar	Að skráningin sýni að hvert barn hafi fengið reglulegar ferðir

Innra mat Grenilundur

Skólaárið 2020 – 2021



Á Grenilundi dvöldu 22 börn þau eru fædd árið 2016 og 2017. Fimm börn eru fædd árið 2016 og samtján börn eru fædd árið 2017. Stöðugildi á Grenilundar er 3.44 með börnum. Á Grenilundi starfa fimm starfsmenn, fjórir í 100% vinnu og einn starfsmaður í 50% vinnu. Þessi starfsmannahópur dekkjaði afleysingu fyrir undirbúning og veikindaafleysingu. Mannauðurinn er góður en hann samanstendur af tveimur leikskólakennurum, leikskólaliða, búfræðingi og tónlistarmanni.



Við unnum að tveimur þemaverkefnum, annað var um Ástarsögu úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur og Sigurfljóð hjálpar öllum eftir Sigrúnu Eldjárn. Við tengdum þessi þemaverkefni við útinámið, með söng, listsköpun og umræðum. Þegar jarðskjálftarnir dundu yfir, vitnuðu þau í Flumbru og Sigurfljóð er hjálpsöm súpervinur og vináttan, vinsemd eru mikið rædd hér. Enda eru einkunnarorð skólans gleði, vinsemd og virðing og höfum við það að leiðarljósi. Lubbi er með okkur og hefur fylgt okkur eftir í starfi og tekið þátt í mögum uppákomum.

Þennan vetur var áherslan lögð á **heilbrigði, félagsfærni og sjálfsefningu.**

Heilbrigði:

Útinám eins og fram kom í umbótaráætluninni frá síðasta skólaári ætluðum við að láta hvorki veður né færð stjórna okkur og nýta garðinn okkar.

Útinámið gekk vel þennan veturinn og komumst við alltaf út, unnið var eftir markvissum verkefnum. Einnig vorum við dugleg að grípa boltann á lofti og hlusta á raddir barnanna og reyna að elta þeirra áhugasvið. Áhersla var lögð á þol, göngur, ímyndun, núvitund og slökun.


Eftirtektarvert var að fylgjast með því hvernig börnin yfirfærðu þekkingu sína og nám yfir í útinámið.

Nú eru margir nemendur farnir að þekkja marga fugla og fræða foreldra sína. Eins hafa börnin tengt jarðskjálftana og eldgosið við hana Flumbru tröllskessu.

Við tókum þátt annað árið í röð í verkefninu hjólað í skólann og börnin greindu frá því hvernig þau komu í skólann og merktu við það í upphafi dags.

Við fengu til okkar fulltrúa frá Hugarfrelsi með námskeið um núvitund og slökun. Innleiðing á því gekk vel hjá okkur en við viljum gera betur.

Samkvæmt könnun sem var gerð meðal barnanna þá fannst öllum gaman í útináminu nema einum því honum er svo kalt og flestum fannst skemmtilegast þegar við fórum í strætó, rútu og leiksvæði.



Tækifæri til umbóta:

Við ætlum að bæta okkur enn frekar í slökun og núvitund og að þær stundir verði markvissari yfir heildina þá hvenær, hvar og hver framkvæmir þær.

3 Innra mat Grenilundur

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Heilbrigði	Markvissari vinna með slökun og núvitund.	Ákveða hvenær er best að vera með slíkar stundir og allir starfsmenn sáu virkir og tileinki sér þessa vinnu	Deildarstjóri, allir starfsmenn deildarinnar	sept	jan	Á deildarfundum einu sinni í mánuði mun hver starfsmaður tjá sig um ganga mála	Að slökun og núvitund hafi fengið fastan tíma í dagskipulagi. Niðurstaða deildarfunda leiði til þess að allir starfsmenni sáu farnir að tileinka sér þessi vinnubrögð.



Sjálfsfelling:

Aðstæður vegna covid hafa styrkt okkur í sjálfsfellingu. Börnin klæða sig sjálf úr á morgnana og þau eru mjög dugleg að ganga frá fatnaðinum í hólfin. Eins fara þau rakleitt og þvo sér um hendurnar og nú er staðan sú að þau vilja bera pokana sína sjálf út í vikulok. Við höfum verið að tileinka okkur í að hlusta á raddir barnanna og hvetja þau til að tjá sig og vera meðvituð um að allir fái notið sín. Leiksvæðið á Furuskógi var endurnýjað á síðasta ári og kusu börnin um hvaða leiktæki yrðu í honum.



Styrkleiki:

Sjálfsfelling vex við hvatningu og hrós og höfum við mjög dugleg að nota hvorutveggja sem hvetur börnin til þess að gefast ekki upp. Við höfum lagt okkur fram við að hvetja börnin til dáða og að börnin öðlist trú á eigin getu og þekki styrkleika sína og veikleika.

Tækifæri til umbóta:

Við ætlum að tileinka okkur að hlusta enn frekar á raddir barnanna og kynna okkur barnasáttmálann nánar. Við styrkjum sjálfsfellingu með virðingu, hlustun og trausti.

Innra mat Grenilundur

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling	Vinna enn frekar með barnasáttmálann.	Að réttur barnsins sé virtur og hlustað sé á skoðanir þess. Unnið er að verkefnum sem tengjast barnasáttmálan um markvisst.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	okt		Á deildarfundum einu sinni í mánuði mun hver starfsmaður tjá sig um ganga mála	Skráning á verkefnum barnanna tengt barnasáttmálanum. Ljósmyndir, myndbönd myndlist og önnur skráning. Niðurstaða deildarfunda varðandi upplifun hvers starfsmanns.





Félagsfærni:

Mikil áhersla hefur verið lögð á félagsfærni, börnin eru hvött til að tjá sig og sýna hvort örðu virðingu, vinsemd og hjálpssemi. Unnið hefur verið mikið að vinatengdum verkefnum. Starfsfólkið er orðið meira meðvitaðar með mikilvægi þess að vera til staðar í leik barnanna og grípa inn í og leiðbeina á jákvæðan hátt.

Styrkleiki:

Að leikurinn væri á vingjarnlegum nótum. Börnin voru farin að sýna meiri vinafærni og vorum við farin að heyra setningarnar eins og „Eigum við að skiptast á“ eða „Má ég vera með“ jafnvel „Á ég að hjálpa þér“.

Tækifæri til umbóta:

Með því að vera meira til staðar í leik þá eru meiri líkur á að hægt sé að grípa fyrr inn í með því að leiðrétta og leiðbeina börnunum.

Gerð var könnun meðal barnanna og þau spurð spurninga varðandi þátttöku kennara í leik þeirra, svo til öllum fannst betra að hafa kennara með sér í leik og svör barnanna um hvernig góður vinur á að vera bar vott um að mikið er búið að ræða um mikilvægi góða vináttu.

Innra mat Grenilundar

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt í leik barnanna	Starfsmenn skipta sér niður á svæði.	Deildarstjóri og alir starfmenn deildarinnar	Haus t 2021		Rætt á deildarfundum.	Niðurstöður frá Deildarfundum.



Innra mat Huldusteinn

Umbótaráætlun Huldusteins 2020 – 2021

Á Huldusteini eru 17 skemmtileg börn á aldrinum 4-5 ára. Okkur finnst við standa okkur vel í starfi í vetur við þessar erfiðu og skrítnu aðstæður vegna Covid-19 og fáum oft hrós fyrir vel unnin störf en það má alltaf gera betur til að eflast enn frekar í starfi og maður getur alltaf lært hvort sem maður er ungur eða gamall. Við viljum efla börnin okkar enn frekar og gera þau sjálfstæðari því heimurinn er orðinn svo harður, og það er erfitt að lenda undir og verða t.d. fyrir einelti einnig að gera alla félagslega sterka til að hjálpast að ef eitthvað bjátar á, jafnrétti og bræðralag. Þetta kallast því einu nafni lífsleikni og munum við vinna með hana. Góð félagsfærni er það sem skiptir mestu máli í lífinu og fleytir okkur mjög langt í lífinu. Einnig ætlum við að bæta okkur enn frekar í útináminu og bæta læsinu þar inn í, þannig að börnin verða læs á umhverfið sitt og geti lesið í aðstæður.

Lífsleikn-Félagsfærni:

Á haustin byrjum við alltaf á því að vinna með vináttu og höldum því áfram allan veturinn og það veitir ekki af, einnig tölum við um einelti svo börnin viti og þekki það orð. Einnig notum við orð eins og hjálpsemi, ábyrgð, tillitsemi og þolinmæði til að börnin verða félagslega sterk og sjálfstæðir einstaklingar.

Börnin okkar hafa líka orðið mun sjálfstæðari eftir þennan vetur vegna Covid-19, þar sem foreldrarnir hafa nánast sem ekkert fengið að koma inn í leikskólann. Börnin hafi því þurft að bera sínar töskur sjálf inn og út úr skólanum, tekið af sér útifötin og gengið frá. Enda sést það vel á hvað þau eru orðin dugleg og fljót að bjarga sér sérstaklega í fataklefanum. Við styrkjum félagsþroskann með því að láta börnin sína hvort öðru tillitssemi o.fl.

- **Styrkleikar:** Börnin öðluðust færni í að leysa úr ágreiningi, notuðu og skildu hugtökin sem þeim voru kennd og sýndu mikla samkennd. Þeim hefur farið mikið fram í vetur að sýna hvort öðru tillitssemi og hjálpssemi.
- Vegna Covid var gaman að sjá hvað börnin urðu sjálfstæðari og efldust á þessum tíma. Börnin eru orðin mjög örugg að koma í leikskólann á morgnanna án foreldra með sínar töskur, ganga frá, þvo hendur og ganga inn á deild. Eins að fara heim seinnipartinn, að klæða sig, ef við erum inni og fara heim með foreldrum sem bíða úti við girðingu. Ef við erum úti þegar foreldrar koma að sækja þá fara börnin út úr garðinum til foreldra. Það er aldrei neitt vesen og allir sáttir. Við lögðum fyrir þau spurningu hvernig þeim þætti að foreldrarnir mættu ekki koma inn á leikskólann á meðan Covid væri og niðurstaðan var sú að um helmingur sagði að þeim þætti þetta bara gaman eða í lagi og hinum fyndist þetta ekki gaman af því að Covidið væri leiðinlegt.

En þó svo að börnin skilji og noti þessi orð þá má alltaf gera betur og starfsfólkið er opið og jákvætt og börnin alltaf til í breytingar. Við ætlum líka að gera börnin okkar sterkari og öruggari einstaklinga. Við ætlum því að vera duglegri að vinna með Stig af stigi jafnframt því að vinna með Hjálpfús, sem er verkefni frá Rauða krossinum. Þetta eykur sjálfsefningu og félagsfærni barnanna enn frekar.

- **Tækifæri til umbóta:** Að öll börnin fái sömu tækifærin til að tjá sig og á þau verði hlustað t.d. í framsögn, við matarborðið og fataklefanum. Við tökum hvert tækifæri til að spjalla til að æfa þau í að koma orðum að hlutunum og koma skoðunum sínum í ljós.

Útinám/umhverfislæsi:

Við förum reglulega í skipulegt útinám, eða einu sinni til tvisvar í viku, stundum ákveður starfsfólkið hvert og hvað á að gera en stundum fá börnin að ákveða. Það er mjög margt sem er verið að ígrunda í svona ferðum og námi s.s. mismunur á trjám, fuglategundum, mismunur á húsum, tölustöfum og götuheitum og svo árstíðabreytingar svo eitthvað sé nefnt. Við förum líka oft í marga skemmtilega leiki sem er ekki hægt að fara í á leikskólalóðinni þar sem það er ekki nógu mikið pláss.

Við erum líka í leiðinni að tala um tala um umhverfið okkar, hvernig við getum fegrað það t.d. með því að tína upp rusl og henda því í ruslafötur og tölum um veggjakrot því það er sóðalegt.

Einu sinni í mánuði förum við í Lundinn í Gufunesi í boði Reykjavíkurborgar, þá kemur rúta að sækja okkur og keyrir okkur báðar leiðir. Þar er mjög góð aðstaða til að börnin öðlist reynslu úti í náttúrunni sem hvetur þau enn frekar til könnunar á ótroðnum slóðum og færir þeim meiri þekkingu til langs tíma bæði líkamlega, andlega og félagslega. Rannsóknir sína að við hugsum skýrar úti í náttúrunni og bætum úthald okkar til muna fyrir verkefnum sem krefjast þess að við einbeitum okkar.

- **Styrkleikar:** Börnin verða alltaf öruggari og öruggari í gönguferðum, þetta eykur líka úthald og þol, mikla samkennd og tillitssemi t.d. ef einhver dettur og meiðir sig. Þau eru líka opnari fyrir öllum breytingum í umhverfinu eins og gróðrinum, einnig hvar og hver býr og númerin á húsunum, einnig götuheitum. Börnin eru farin að koma meira að skipulagningu á ferðum, þ.e.a.s. hvert á að fara og jafnvel hvað á að gera. T.d. niður í Fossvogsdal eða í „úlfaskóg“.

Heilbrigði:

Við hreyfum okkur mjög mikið á Huldusteini enda erum við með orkumikil börn sem þurfa útrás. Förum því mikið í útiveru, gönguferðir og svo einu sinni í viku í íþróttaskóla Víkings að gera markvissar æfingar undir leiðsögn íþróttakennara. Við förum líka í ýmsa leiki inni, annað hvort eru þeir skipulagði eða frjálsir og þá er unnið með margvíslegan efnivið s.s. málningu, ýmsar stærðir af kubbum og alls kyns borðvinnu. Öll hreyfing er til að efla hreyfifærni, bæði gróf- og fínhreyfingar.

Það er mikið lesið til að auka orðaforða, lesskilning og tjáningu barnanna. Við notum meðal annars til þess bækur, loðtöflusögur, leiki, rím, lög og þulur. Börnin ná líka að oft að slaka á og hvílast við að hlusta á góða sögu og leyfa jafnvel ímyndunaraflinu að njóta sín. Einnig þegar við erum að hlusta á sögur eða gera æfingar frá Hugarfrelsi.

- **Styrkleikar:**
- Andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan barnanna er í fyrirrúmi.
- Vegna Covid ástandsins og að við vorum með barn með mikið bráðaofnæmi þá var extra mikið um hreinlæti og handþvott á deildinni. Einnig fengum við hurð frá deild beint inn á w.c. sem var mikill munur fyrir okkur öll á deildinni.
- Börnin fá góðan og hollan mat og taka hraustlega til matar síns. Það eitt eykur hreysti þeirra og hreyfingu sem þau fá í viðbót við þolið. Íþróttaskóli Víkings féll að miklu leyti niður í vetur vegna Covid en við komumst þó í nokkur skipti.
- Við vorum nokkuð dugleg að gera æfingarnar frá Hugarfrelsi til að byrja með og börnunum fannst þær
- líka spennandi, skemmtilegar og þeim leið vel við að gera þær. Það koma út úr spurningunum sem við lögðum fyrir þau. Þær voru á þessa leið: 1.Hvernig finnst þér að gera æfingar – slökunaræfingar? 2.Hvernig finnst þér þegar við erum að gera þessar æfingar en þegar við erum búin. 3.Hvað æfing finnst þér skemmtilegust en er einhver sem þér finnst leiðinleg? Það var mjög gaman að sjá hvað börnin voru jákvæð og útkoman kom vel út.
- **Tækifæri til umbóta:**
- Við þurfum að vera duglegri að halda Hugarfrelsis æfingunum við og gera þær reglulega en þær hafa dottið aðeins upp fyrir núna á vordögum hjá okkur.

Umbótaþættir Huldusteinn	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lífsleikni- Félagsfærni	Að starfsfólk gera börnin að sterkum og sjálfstæðum einstaklingum, jafnframt að taka tillit til annarra Ýta undir sjálfstæði í Covid	Að öll börnin fái sömu tækifærin við að tjá sig t.d. í leik, einnig að vera duglegur að hlusta á hvert og eitt þeirra Börnin koma sjálf í fataklefa og sjái um sig að mestu leiti sjálf	Sept. 2020 - maí 2021	Allir starfsmenn Huldusteins	Starfsmenn deildarinnar ræða saman á deildar- fundum hvernig gengur, hvort þau sjá mun á barna- hópnum	Starfsfólk ætti að sjá börnin eflast á tímabilinu, feimnu börnin að koma oftar fram og láta ljós sitt skína og allir ættu að taka tillit til hvors annars Spurningar f/börnin um Covid
Útinám/ umhverfislæsi	Að starfsfólkið efli börnin í umhverfislæsi í útinámi	Að vekja athygli barnanna t.d. á götuheitum, tölustöfum, búðarheitum og breytingum á náttúrunni	Sept.2020 – maí 2021	Allir starfsmenn Huldusteins	Starfsmenn nota deildarfundi og einnig skráningar, börnin segja frá eftir hverja ferð hvernig til tókst og það sett inn í skráninguna	Að börnin eru orðin læs á umhverfi sitt og örugg í því



Innra mat Skógarlundur

Á Skógarlundi í vetur voru 20 börn fædd 2015-2016 og voru jafn mörg í hvorum árgangi. Stöðugildi Skógarlundar eru 4,64% með börnum. Í vetur störfuðu á deildinni 5 starfsmenn, fjórir í 100% og einn í 50%. Þessi starfsmannahópur dekkar afleysingar fyrir undirbúning, veikinda afleysingar og stuðning. Þetta ár hefur verið mjög óvanalegt að mörgu leiti en fyrir utan Covid-19 urðu miklar breytingar á starfsmannamálum deildarinnar. Skipt var um deildarstjóra, ráðnir voru inn þrír nýir starfsmenn og leikskólakennari í 50 % starfi fór í veikindafrí. Síðasta haust fengu tvö börn úthlutaðan 4 tíma stuðning á dag hvort um sig en eitt barn fékk úthlutaða 2 tíma í stuðning á dag núna í vor og var ráðinn starfsmaður til að sjá um það.

Við höfum í vetur verið að vinna mikið með vináttuna og notuðum við það ýmsar bækur má þar nefna til dæmis „Regnbogafiskinn“ og „Má ég vera memm“. Einnig höfum við verið að leggja inn málhljóð Lubba, framsögn, form og tölustafi. Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 kom í ljós að öllum finnst gaman að leika við önnur börn og einnig að hafa kennara með í leik.

Núna í vor höfum við verið að vinna með fuglana og fylgjast með þeim sem við þekkjum og eru í okkar nærumhverfi, t.d í útináminu. Við tókum þátt í Barnamenningarhátíðar verkefni með Tónskóla Sigursveins eins og undanfarin 11 ár. Þemað þetta árið var það sama og í fyrra eða lög og textar eftir Aðalstein Ásberg. Það var stefnt á að flytja tónlistina í Hörpunni í apríl en af því varð ekki vegna aðstæðna, því var ákveðið að flytja hana frekar í streymi frá Ráðhúsinu núna í júní.



Skipulag inn á deild:

Við á Skógarlundi höfum sett okkur það að bæta starfið inni á deild með því að búa til mánaðarplan sem innihélt þau verkefni sem vinna átti með þann mánuðinn. Þau verkefni voru: Þema, umræður, skráning, bækur, söngur, þulur, Lubbi, skapandi starf og útinám. Þetta var hugsað til að allir væru að vinna að sama hlutnum og dagurinn gengi betur fyrir sig. Einnig til þess að afleysingarfólk vissi hvað var verið að vinna með hverju sinni.

- **Styrkleikar:** Betra skipulag á deildinni fyrir börnin og dagurinn gengur betur fyrir sig. Við teljum að þessum þætti sé því hér með lokið.

Skilafundur með Grenilundi:

Ákveðið var í haust að hafa upplýsingarfund um börn sem koma frá Grenilundi yfir á Skógarlund. Það var til þess að fá upplýsingar um stöðu hvers og eins barns til að starfsfólk gæti veitt þeim sem bestu þjónustu. Einnig til þess að geta undirbúið starfið inni á deildinni með tilliti til hvers barns.

- **Styrkur:** Betri og einstaklingsbundnari þjónusta við börnin og samvinna milli deilda.

Janúar – Gamli tíminn

Samverusund

Spjöld: Stór og lítil stafur

Gamli tíminn

- Skoða myndir
- Skoða kassann frá Þjóðminjasafninu
- Teikna myndir af torkofum
- Búkolta
 - Orðagull
 - Teikna myndir
 - Skrifla orð
- Vinna með ull
- Umræður Nota könnunarsaðferðin, ýmsar spurningar sem hægt er að velja fram ef börnin verða strönd:
 - Hvernig var öðruvísi í gamla daga en í dag?
 - Hvernig voru húsin
 - Hvernig voru fótin sem fólkíð var í?
 - Hvernig mat borðaði fólkíð, hvernig var hann eldaður og hvernig var hann geymdur?
 - Hvernig voru eldhúshöldin?
 - Hvað með farartæki?
 - Hvernig voru leikföng barnanna?



Lubbi

- Vinna með einn staf í viku
 - Sama starfinn í sitthvortri samverunni
 - Skrifla hann á töfluna og orð sem byrja á þessum staf
 - Hlusta/ syngja lagið
 - Börnin skrifla starfinn á mismunandi hátt (lístin og stóra staf)
 - Á töfluna, mála, blýant, leir, töppum, í sand o.fl.

Vinátta

- Lesa bók
- Rifja upp hvað er að vera góður vinur
- Leggjá inn orð – hjálpsamur, vinsamlegur, góður, tillit, skiptast á o.fl.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skilafundir	Að taka aftur upp skilafundi milli deilda	Vera með fund í byrjun haustanna þar sem farið verður yfir hvert og eitt barn sem kemur yfir á nýja deild	Deildarstjórar	Haustr	Vor	Deildarfundir og/eða deildarstjórafundir nýttir til að fara yfir stöðu mála.	Að auðvelda upplýsingaflæði milli deilda til að bæta líðan barnanna í leikskólanum.



Þessir fundir misfórust vegna deildarstjóráskipta en starfsmaður frá Grenilundi kom yfir á Skógarlund sem gerði flutning barnanna auðveldari.

- **Tækifæri til umbóta:** Taka aftur upp skilafundi á milli deilda og fá með því frekari upplýsingar um þau börn sem eru að koma yfir.

Útinám:

Í haust var farið alla daga í ferðir út fyrir garðinn þar sem að það voru framkvæmdir innan hans. Flest allir leikvællir í nágrenni leikskólans voru heimsóttir. Í vor hefur svo verið farið markvisst í útinám 1.sinni í viku. Þá voru tekin fyrir ákveðin þemu sem eru voru á mánaðarskipulagi. Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 kom í ljós að öllum finnst gaman í útinám. Það sem þeim fannst skemmtilegast að gera í útinámi var að fara að tína steina og blóm, fara á þryllupalli og tína rusl.

- **Styrkleikar:** Börnin fá að kynnst nærumhverfi sínu ásamt breytingum á náttúru og fuglalífi.

Útinámið gekk vel fyrir sig og teljum við þessum þætti umbótaráætlunar því lokið.

Heilbrigði:

Á Skógarlundi höfum við mikið verið að vinna með heilbrigði.

Útinám er kjörið til að auka þol og úthald barnanna og er farið í útinám og íþróttaskólann í Víkinni einu sinni í viku og gengið á bókasafnið einu sinni í mánuði, að vori er svo farið í gönguferðir um nærumhverfið þegar hentar.

Við höfum síðustu ár lagt mikla áherslu á mikilvægi handþvotts þar sem við vorum með barn með bráðaofnæmi og kom það sér vel á Covid-19 tímum að hafa verið að vinna með handþvottinn þannig að það þarf varla að minna börnin á mikilvægi hans.





Við höfum lengi haft tannverndarviku hjá okkur þar sem farið er yfir mikilvægi góðrar tannheilsu og höfum við verið svo heppin að fá tannlækni í heimsókn til okkar til að auka fræðsluna en ekki varð úr því þennan vetur.

Fenginn var fulltrúi frá hugarfrelsi með námskeið um núvitund og slökun en ekki gekk að innleiða það þennan vetur og er ætlunin að fara á fullt næsta á næsta skólaári.

Tókum inn verkefni sem heitir „Hvernig komst þú í skólann í dag?“ núna í vor sem tengist verkefninu hjólað í vinnuna en það er 5-25 maí ár hvert. Það heppnaðist vel og verður endurtekið í haust en þá verður það í tengslum við „Göngum í skólann“ sem er 6.okt og er í 2 vikur Ætlunin er að hafa þetta fast að hausti og vori ár hvert.

- **Styrkleikar:**

Börnin verða meðvitaðri um mikilvægi heilbrigðs lífstíls.

- **Tækifæri til umbóta:**

Þar sem innleiðing hugarfrelsis var stöðvuð hjá okkur er ætlunin að endurtaka innleiðingu þetta árið.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Heilbrigði	Innleiðing á hugarfrelsi	Notuð verður bókin „Hugarfrelsi“ til þess að vinna eftir. Æfingar úr henni verða settar inn í daglegt starfs með börnunum	Allir starfsmenn á deild	Haut	Vor	Umræður á deildarfundum. Farið verður yfir lista. Skoðað verður hvernig hugarfrelsi er komið inn í daglegt starf. Börnin verða spurð hvernig þeim líður og hvort þeim finnst gott að nota æfingar	Niðurstöður deildarfundar verða nýttar til þess að vinna eftir. Skoðuð verða svör barnanna og unnið eftir þeim.

Sjálfsfelling:

Við á Skógarlundi leggjum mikið upp úr framsögn í samverustund þar sem þau standa upp eitt í einu og tala. Þetta getur reynst sumum frekar erfitt en við sjáum mikinn mun á börnunum þegar þau sigrast á óttanum við að standa upp og tala yfir hópinn en þetta getur stundum tekið allan veturinn hjá sumum en leiksigurinn er alltaf jafn sætur í lokin.

Hrós hefur mikið að segja fyrir alla þó allra mest fyrir börn til sjálfsfellingar og það þarf að vera óspar á þau.

Það að geta klætt sig sjálfur/sjálf er ekki sjálfgefið, það þarf að æfa eins og svo margt annað því eins og við segjum alltaf á Skógarlundi „æfingin skapar meistarann“ og hættum ekki að skjóta því að við allar aðstæður.

- **Styrkleiki:**

Það að hafa sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu er gott veganesti út í lífið. Barnið þarf að fá að þroskast í umhverfi þar sem það getur tekið ákvarðanir og fengið að axla ábyrgð.

Barn sem hefur gott sjálfstraust og hefur trú á sjálfu sér og eigin getu er með gott veganesti út í lífið þannig að það er um að gera að virkja það sem fyrst því lengi býr að fyrstu gerð.

Tækifæri til umbóta:

Að börnin hafi meiri áhrif á val til dæmis hvaða leikföng þau vilja hafa á deild, hvað þau vilja gera í útinámi og fleira í þá átt.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsefling	Að raddir barnanna heyrist meira inni á deild	Leyfa þeim að hafa meira til máls að leggja varðandi hvað er gert inni á deild, hvaða leikföng eru í boði, hvert á að fara í útinám o.s.frv.	Allir starfsmenn á deild	Haust	Vor	Deildarfundir Ljósmyndir, spurningalistar fyrir börnin. Umræður á deildarfundum.	Niðurstöður deildarfundar verða nýttar til þess að vinna eftir. Skoðuð verða svör barnanna og unnið eftir þeim.



Félagsfærni:

Við lögðum áherslu á vinarfærni í leik með því að nota jákvæð samskipti til að leysa úr ágreiningi og það að vera hjálplegur góður vinur. Við lesum mikið af sögum um vinarfærni og syngjum vinalög. Börnunum er leiðbeint með að við skiptumst á og deila leikföngum. Við leggjum líka mikla áherslu á að þau eldri aðstoðuðu þau yngri t.d í fataherberginu.

Í DAG ER GÓÐUR DAGUR



TIL AÐ VERA GÓÐUR VINUR

Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 um hvernig góður vinur væri, þá var algengasta svarið þeirra að góðir vinir knúsa og kyssa og leika saman.

- Styrkleiki:

Að leikurinn væri á vingjarnlegum nótum. Börnin voru farin að sýna meiri vinarfærni og vorum við farin að heyra setningarnar „Eigum við að skiptast á“ eða „Má ég vera með“ jafnvel „Á ég að hjálpa þér“.

- Tækifæri til umbóta:

Með því að vera meira til staðar í leik þá eru meiri líkur á að hægt sé að grípa fyrr inn í með því að leiðrétta og leiðbeina börnunum.

GOTT RÁÐ TIL AÐ EIGNAST VIN



ER AÐ VERA VINUR.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að starfsmenn séu meira til staðar í leik með börnunum	Skipulagð er hvernig starfsmenn eiga sitt svæði í leik, starfsmenn taka meiri þátt í leiknum..	Allir starfsmenn á deild	Haut	Vor	Deildarfundir nýttir til þess að ræða hvernig gengur. Opnar spurningar lagðar fyrir starfsmenn þar sem það metur hvernig til tókst.	Að starfsfólk verði meðvitað um að vera til staðar í leik, átti sig á mikilvægum þessum að fylgjast með börnunum. Ásamt því að veita börnum aðstoð til þess að læra og þroskast í gegnum leik.



4 Innra mat sérkennslu

Skipulagning sérkennslu 2020-2021

Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreininar.

Í vetur var sérkennslan skipulögð með það í huga hvað væri börnunum fyrir bestu. Hugmyndafræðin menntun á aðgreiningar var höfð að leiðar ljósi með það í huga að reyna að mæta þörfum barnanna sem þurfa auka stuðning í eins eðlilegum aðstæðum í öllu daglega starfinu. Aukið var við stuðning inni á allar deildar. Áhersla var lögð á að nýta samstarfið við Þjónustumiðstöðina í hverfinu til þess að fá m.a. ráðgjöf, upplýsingar, fræðslu og þjálfun fyrir börnin, starfsfólk og foreldra. Einstaklingsstundir voru skipulagðar fyrir fram með ákveðin markmið sem unnið var með í stundunum sem síðan voru yfirfærð inn á deild eða í aðrar stundir leikskólans.

Lögð var áhersla að hafa sérkennsluna sýnilegri fyrir starfsfólk, börn og foreldra.

Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?

Í einstaklingskennslu var unnið eftir vikumarkmiðum og merkt við hvað náðist að vinna með dag frá degi, ásamt því hvernig til tókst. Eins var unnið með lista þar sem merkt var við hvenær ákveðin færni var lögð inn og hvenær barnið hafði náð þeirri færni.

Í hópastundum var unnið með dagbókaskrif, myndbandsupptökur og ljósmyndir.

AHA- skráningar og matarskráningar voru einnig notaðar til þess að leitast eftir mynstrum tengdum hegðun og næringu.

Hvaða matsgögn voru notuð?

Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 o.fl.

Í vetur var unnið með matsgögnin: HLJÓM-2, EFI-2, AEPS, VB-MAPP og TRAS

Hvaða námsefni var notað?

Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?

Námsefni sem notað var í sérkennslunni í vetur er allur sá efniviður sem leikskólinn á og vinnur með. Unnið var m.a. mikið með lestur bóka, ýmis spil, fínhyrfingaverkefni, félagsfærnisögur og ýmis leikföng.

Lubbi finnur málbein, Leikum og lærum með hljóðin



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lo kið	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
Skráninga r	Búa til skráningablað fyrir stuðningsfulltr úa/stundir sem allir hafa	Búa til skráningablað sem stuðningsfulltr úar fylla inn eftir hverja stund hvað var gert og hvernig gekk	Sérkenns lustjóri	Se pt		Skráningu m safnað í möppu og geymt fyrir hvert barn.	Farið yfir á fundum með stuðningsf ulltrúm hvernig gengur að skrá og blöðin skoðuð.
Skipulag	Fastir fundir einu sinni í mánuði með stuðningsfulltr úum	Setjast niður með hverjum þjálfða einu sinni í mánuði og fara yfir hvernig gengur, skoða markmiðin í einstaklingsná mskrá og veita stuðning.	Sérkenns lustjóri	Ág úst		Skráð inn í dagbók fasta fundi í hverjum mánuði.	Farið yfir dagbókina og séð hvernig gengur að halda mánaðarl ega fundi.
Upplýsing ar til deilda	Yfirfærsla inn á deild	Setja fund með deildinni þegar nýir upplýsingafun dir, nýjar einstaklingsná mskrár eða önnur mál sem tengjast börnum í sérkennslu, svo að upplýsingar skili sér til allra starfsmanna inná deild.	Sérkenns lustjóri	Ág úst		Skráning í dagbók bæði hjá sérkennslu stjóra og deildinni.	Allir starfsmen n deildanna sáu að vinna að sameiginl egum markmiðu m.



Skipulag	Dagskipulag	Setja upp dagskipulag fyrir hvern og einn stuðningsfulltrúa sem og sérkennslustjóra og tengilið fjölmennningar. Með þessum upplýsingun vita allir starfsmenn dagskipulagði og auðveldar er að skipuleggja út frá því. Metið með hverjum deildarstjóra hvenær einstakling stundir og aðrar þjálfunarstundir henta best.	Sérkennslustjóri og deildarstjóra			Umræður og skipulag með öllum þeim sem hlut eiga að, þ.e.a.s. sérkennslustjóra, stuðningsþjálfurum, deildarstjór um o.s.frv.	Allir deildir hafa aðgang að stundaskrá á stuðningsþjálfara þeirra deildar, sérkennslustjóra og tengiliðar fjölmennningar sýnilegt og aðgengilegt, svo hægt sé að skipuleggja starfið sem eina heild fyrir öll börn.
----------	-------------	--	-----------------------------------	--	--	---	---



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ráðið var í stöðugildi til að styðja við málörvun fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já. Talað er við börnin, orð sett á hluti og athafnir og bækur/sögur lesnar á hverjum degi. Unnið er með Gefðu 10 og Lubba.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, unnið er með orðaspjall á sumum deildum, bækur lesnar, ljóð og þulur og unnið er með valin orð sem þar koma fyrir. Tekin eru fyrir ákveðin þemu í orðaforða og unnið með þau.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast er við skráningar úr málörvunarstundum. Þó þarf að bæta við skráningu og hafa hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla í huga.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Nýlega fór af stað vinna þar sem hugað er að öllum þáttum máls. Hafa þarf hana þó markvissari og skipulagðari.

Niðurstöður innra mats

Um miðan desember 2020 tók við nýr starfsmaður sem tengiliður fjölmennningar. Hefur málörvun eftir það orðið markvissari. Starfið er enn þá í þróun sem og stefna leikskólans fjölmenningu. Unnið er með snemmtæka íhlutun og markvisst unnið með málörvun barna. Auka má samstarf við foreldra fjöltyngra barna og fá aðstoð þeirra til að brúa bilið milli tungumála. Því flest fjöltyngd börn eru samtíða í máltöku tungumála sinna, þ.e. þau læra málin samhliða.

Umbótaáætlun –fjöltyngr 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fylgst með framförum fjöltyngra barna	Stýðjast við hæfnirama í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Eiga til lista út frá hæfnirömmum fyrir hvert barn og skrá stöðu þess reglulega í hann.	Deildarstjórar, tengiliður fjölmennigar og leikskólastjórar	Septem ber	maí	Rætt saman á deildarstjórufundum og deildarfundum (rýnihópur)	Framfarir barnanna eru skráð reglulega og gripið til aðgerða ef framfarir verða ekki með eðlilegum hætti
Huga skipulega að öllum þáttum málsins.	Nýttast við skráninga og hæfnirama til að halda betur utan um.	Að hugað sé að öllum þáttum málsins	Deildarstjórar, tengiliður fjölmennigar og leikskólastjórar	septem ber	Maí	Í desember og mars er rætt á stjórnendafundi (rýnihópur)	Hugað er að öllum þáttum málsins

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Við ákváðum að bjóða starfsmömmum upp á ör-starfsþróunarsamtöl. Eitt í vor og annað í haust.

Starfsmenn fengu spurningar til þess að undirbúa sig til þess að samtalið yrði markvissara. Það verður gaman að sjá hvernig útkoman verður.

Fræðsla starfsfólks fer mest fram á skipulagsdögum. Það sem við ætlum að leggja áherslu á þessu skólaári er. Á skipulagsdegi 30. ágúst framhaldsnámskeið frá Hugarfrelsi m.t.t.

innleiðingu á heilbrigðisþætti menntastefnu Reykjavíkur. Á skipulagsdaginn í nóvember fáum við námskeið í slysavörnum og skyndihjálþ auk fræðslu um innra mat. Í október er ætlunin að fylgjast með Menntakvik. Í janúar er stefnt að fræðslu um starfendarannsóknir og í febrúar



verður haldin leikskólaráðstefna. Í mars verður svo fræðsla um skráningar. Fjórir starfsmenn eru í námi. Tveir deildarstjórar í menntunfræðum leikskóla, einn starfsmaður er í B.ed í leikskólafræðum og einn í meistaranámi.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Það hefur verið lítið um samstarf í vetur á milli skólastiga í hverfinu bæði vegna covid og eining vegna húsnæðisvandráða Fossvogsskóla. Þessi þáttur krefst úrbóta. Finna þarf farveg fyrir samstarfið.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Í foreldraráðinu er þrír fulltrúar. Foreldraráðið starfar eftir lögum um leikskóla frá 2008. Hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólaráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Stjórn þess er skipuð sex fulltrúum. Hlutverk foreldrafélagsins er að styðja við leikskólastarfið, stuðla að velferð barnanna og efla samskipti foreldra innbyrðis og við leikskólann.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2021-2022 verða:

- 30. ágúst
- 15. október
- 19. nóvember
- 24. janúar
- 22. mars
- 13. maí

Fylgigögn

9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi



Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Furuskógur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eyrún Bjarnadóttir

Hildur Sturludóttir

Marteinn Briem

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráði Furuskógar hefur á fundi með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra verið kynnt starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2021-2022.

Það er mat foreldraráðs að starfsáætlunin sé ítarleg og uppfylli alla ofangreinda punkta. Það er mat okkar að þær faglegu kröfur sem gerðar eru til leikskólans séu uppfylltar og að áherslur í starfi samræmist vel skólanámskrá.

Að mati foreldraráðs fer fram faglegt starf í Furuskógi. Það er ánægjulegt að sjá að starfsfólk hverra deilda tekur þátt í ákveða markmið og áherslur sinna deilda, þar sem þau vinna mest með börnunum og þekkja þau best. Einnig er lögð rík áhersla á þátttöku barnanna í skólastarfinu þar sem hlustað er á raddir barnanna og þau hafa áhrif á námsumhverfið sitt. Allar deildir skólans hafa sett sér markmið sem hæfa aldri og þroska barnanna. Þá má einnig nefna að börnin hafa farið í fjölbreytt útinám, t.d. farið í heimsókn í Víkina, Fossvogsskóla og út á Álfsnes og þannig fengið tækifæri til að kynnast sínu nær- og fjærumhverfi.

Í Furuskógi stóðu yfir framkvæmdir á skólalóðinni í Álandi, lóðin var fullkláruð núna í vetur og mikil ánægja var meðal barnanna að fá nýjan og spennandi garð. Starfið gekk vel þrátt fyrir þær takmarkanir sem Covid setti á skólastarfið. Stjórnendur, starfsfólkið og börnin eiga hrós skilið fyrir samvinnu og þolinmæði á þessum óvenjulegu tímum. Við viljum þó vekja athygli á því að snjóbræðslan var enn óvirk.

Reykjavík, 16. júlí 2021

Eyrún Bjarnadóttir

Hildur Sturludóttir

Marteinn Briem

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ									
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ	Tannverndarvika	1	Þ		1	F		1	S	Verkalyösdagurinn	1	M	Sumarhátíð
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ		2	F		2	M		2	M		2	L		2	M		2	F	
3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	F	Rauður dagur	3	M		3	F		3	S		3	Þ		3	F	
4	M		4	L		4	M		4	F		4	L		4	Þ		4	F		4	F		4	M		4	M	
5	F		5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ		5	F	5 S Hvítasunnudagur
6	F		6	M		6	M		6	L		6	M		6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M		6	F	6 M Annar í Hvítasunnu
7	L		7	Þ		7	F		7	S		7	Þ		7	F		7	M		7	M		7	F		7	L	
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ		8	F		8	S	
9	M		9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M		9	L		9	M	
10	Þ		10	F		10	S		10	M		10	F		10	M		10	F		10	F		10	S	Pálasunnudagur	10	Þ	
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	M		11	M	
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F	12 S Sjómanna dagurinn
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S		13	M		13	F	
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	F		14	M	Bolludagur	14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	F	Skírdagur	14	L	
15	S		15	M		15	F	Skipulagsdagur x	15	M		15	M		15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi	15	S	
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F		16	S		16	M	Öskudagur	16	M		16	L		16	M	16 F Fánaball
17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	F	Jólaball	17	M		17	F		17	F		17	S	Páskadagur	17	Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18	M		18	L		18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F		18	F		18	M	Annar í páskum	18	M	
19	F		19	S		19	Þ		19	F	Skipulagsdagur X	19	S		19	M		19	L		19	L		19	Þ		19	F	
20	F		20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	M		20	F	Skipulagsdagur
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Vasaljósadagur	21	F	Bóndadagur	21	M		21	M		21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L	
22	S		22	M		22	F		22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ	Skipulagsdagur x	22	F		22	S	
23	M		23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M		23	L		23	M	
24	Þ		24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M	Skipulagsdagur X	24	F		24	F		24	F		24	S	
25	M		25	L		25	M		25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F		25	F		25	M	Útskrift
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F		26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	L		26	Þ	
27	F		27	M	Foreldrafundur	27	M		27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	S		27	M	
28	L		28	Þ	Foreldrafundur	28	F		28	S		28	Þ		28	F		28	M		28	M		28	M		28	F	
29	S		29	M	Foreldrafundur	29	F		29	M		29	M		29	L					29	Þ		29	Þ		29	F	
30	M	Skipulagsdagur	30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M		30	L		30	M	
31	Þ				31	S			31	F	Gamlársdagur	31	M								31	F					31	Þ	

X Saneiginlegur skipulagsdagur í hverfinu

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.